

SKÝRINGAR

LANDNOTKUN


- Sveitarfélagsmörk
- Þéttbýlismörksmörk
- Íbúðarbyggð (ÍB)
- Verslun og þjónusta (VÞ)
- Samfélagsþjónusta (S)
- Athafnasvæði (AT)
- Íðnaðarsvæði (I)
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)
- Fristundabyggð (F)
- Aðfeyringar- og ferðamannasvæði (AF)
- Íþróttasvæði (ÍÞ)
- Kirkjugarðar og grafreitir (K)
- Opin svæði (OP)
- Flugvællir (FV)
- Landbúnaðarsvæði (L)
- Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)
- Öbyggð svæði (ÖB)
- Vötn, ár og sjór (V)
- Önnur náttúruvernd (ÖN)
- Hverfisverndarsvæði (HV)
- Friðlýstar fornminjar
- Vatnsbólarsvæði (VB)
- Vatnsvernd, grannsvæði
- Vatnsvernd, fjarsvæði
- Hindranafliotur flugvallar (HF)

ÞJÓNUSTUKERFI


- Stofnvegir (V.nr.)
- Tengivegir (V.nr.)
- Aðrir vegir (til skýringar)
- Stofnreiðleiðir (RS)
- Héraðsreiðleiðir (RH)
- Gönguleiðir (GL)
- Göngu- og hjólastígar (GH)
- Flutningslína rafveitukerfis (loftlína)
- Flutningslína rafveitukerfis (loftlína) sem hverfur á skipulagstímabiliinu
- Flutningslína rafveitukerfis (jarðstrengur)
- Aðveitulögn hitaveitu
- Aðveitulögn vatnsveitu
- Ljósleiðari
- Fjarskiptasendar

ALMENNAR SKÝRINGAR

- Hæðarlínur (20 m)
- Byggingar
- Eyðibýli



GILDANDI AÐALSKIPULAG - HRAFNAGILSHVERFI / EYJAFJARDARÁ
SÉRUPPDRATTUR: NORÐURHLUTI-BYGGÐ OG BYGGÐAKJARNAR



BREYTT AÐALSKIPULAG - HRAFNAGILSHVERFI / EYJAFJARDARÁ
SÉRUPPDRATTUR: NORÐURHLUTI-BYGGÐ OG BYGGÐAKJARNAR

AÐALSKIPULAG EYJAFJARDARSVEITAR 2018-2030

Breyting á aðalskipulagi: Hrafnagilshverfi - vegtengingar / Eyjafjarðará - efnistaka

Breyting á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030, sem öðlaðist gildi 22.03.2019, felst í eftirfarandi:

Hrafnagilshverfi - vegtengingar

Breyting á aðalskipulagi felst í því að gert verður ráð fyrir vegtengingu frá Eyjafjarðarbraut vestri inn í Hrafnagilshverfi á milli íbúðarsvæða IB5 og IB6. Gert var ráð fyrir þessari tengingu í fyrra aðalskipulagi. Vegtenging inn í Hrafnagilshverfi úr norðri hliðrast um 70 m til norðurs. Vegtenging inn í Hrafnagilshverfi úr suðri færast um 600 m til suðurs auk þess sem lega nýrrar Eyjafjarðarbrautar vestri hliðrast til vesturs og stýttist um 1,1 km í samræmi við hönnun Vegagerðarinnar. Útfærslur eru unnar í samráði við Vegagerðina.

Forsendur

Lengi hefur staðið til að hliðra Eyjafjarðarbraut vestri út fyrir þéttbýlismörk Hrafnagilshverfis og eru líkur á að þau áform komist til framkvæmda árið 2021. Í Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 var gert ráð fyrir tengingu Hrafnagilshverfis við nýja Eyjafjarðarbraut með nýjum tengivegi norðan Bakktraðar og gerir gildandi deiliskipulag Bakktraðar raunar líka ráð fyrir þeirri vegtengingu. Við gerð Aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 féll umrædd vegtenging hins vegar út af skipulagsuppdætti án þess að séð verði að um það hafi verið tekin meðvitund ákvörðun. Breytingin nú miðar að því að skipulagsheimild fyrir tengivegi verði til staðar þegar að vegagerðinni kemur.

Markmið

Sveitarstjórn telur að umrædd vegtenging Hrafnagilshverfis dragi úr bílaumferð innan þorpsins og stuðli þannig að auknu umferðaröryggi. Framkvæmdin stuðli því að markmiðum um umferðaröryggi sem fram koma í kafla 3.4 í greinargerð gildandi aðalskipulags.

Breyting á skipulagsuppdætti

Bætt er við tengivegi á milli íbúðarsvæða IB5 og IB6. Vegtenging inn í Hrafnagilshverfi úr norðri hliðrast um 70 m til norðurs. Vegtenging inn í Hrafnagilshverfi úr suðri færast um 600 m til suðurs auk þess sem útfærsla hennar og tengingar við aðliggjandi vegi breytist í samræmi við hönnun Vegagerðarinnar.

Umhverfisáhrif

Ekki er talið að breytingarnar hafi veruleg umhverfisáhrif þar sem annars vegar er verið er að færa inn vegtengingu skv. fyrra aðalskipulagi og í samræmi við gildandi deiliskipulag, og hins vegar er verið að hliðra vegtengingu innan landbúnaðarsvæðis og ný lega tengingar þykir jafn góð með tilliti til umferðaröryggis.

Eyjafjarðará - efnistaka

Breytingin er í tveimur liðum:

Ný efnistökusvæði

Bætt er við tveimur efnistökusvæðum í Eyjafjarðará. Í landi Kropps er skilgreint nýtt efnistökusvæði í Eyjafjarðará (E33) þar sem gert er ráð fyrir að efnistaka verði að hámarki 45.000 m³. Í landi Reykhúsa er skilgreint nýtt efnistökusvæði vestan Eyjafjarðarbrautar vestri (E34) þar sem gert er ráð fyrir að efnistaka (sprengigrjóti) verði að hámarki 15.000 m³.

Forsendur

Lengi hefur staðið til að hliðra Eyjafjarðarbraut vestri út fyrir þéttbýlismörk Hrafnagilshverfis og eru líkur á að þau áform komist til framkvæmda árið 2021. Skv. frumhönnun Vegagerðarinnar munu núverandi efnistökusvæði í nágrenni hins nýja vegar ekki geta annað efnisþörf vegna framkvæmdarinnar. Því er bætt við efnistökusvæði í áreyri norðan þéttbýlisins, þar sem unnir verða allt að 35 þúsund rúmmetrar af ársandi, og í klöpp í landi Reykhúsa, þar sem unnir verða allt að 15 þúsund rúmmetrar af sprengigrjóti.

Markmið

Efnið sem tekið verður úr umræddum efnistökusvæðum verður notað í lagningu nýrrar Eyjafjarðarbrautar og því stuðlar breytingin að marmíðum um bætt umferðaröryggi sem fram koma í kafla 3.2 í greinargerð gildandi aðalskipulags.

Breyting á skipulagsuppdætti


Bætt er við efnistökusvæðunum E33 og E34 (hringták).

Breyting á greinargerð

Bætt er við efnistökusvæðunum E33 og E34 í töflu yfir efnistöku- og efnislosunarsvæði.

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
E33	Kroppur	<45.000 m ³	Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 45.000 m ³ af efni úr áreyrunum í landi Kropps. Sjálfur farvegur árinna verði þar undanskilinn. Efnistaka fer ekki niður fyrir 1 m dýpi á áreyrunum. Með tilliti til náttúrulegra efnisflutninga árinna, þar sem efnisnám á einum stað getur haft áhrif á efnisflutninga á öðru svæði, ber að líta svo á að efnistökusvæði E33 sé háð öðrum efnistökusvæðum í Eyjafjarðará við og norðan Miðbrautar. Því skal svæðið lúta sömu skilmálum og efnistökusvæði E14, E24A, E34B, E24C og E24D varðandi efnistökuheimildir.
E34	Reykhús	<15.000 m ³	Gert er ráð fyrir að hægt verði að heimila efnistöku á allt að 15.000 m ³ af sprengigrjóti í landi Reykhúsa, á milli Eyjafjarðarbrautar vestri og Kristnesvegur. Klapparskering á efnistökusvæðinu skal ekki vera nær vegkanti Kristnesvegur (vegnumer 822) en 12 m.

AÐALSKIPULAG
EYJAFJARDARSVEITAR
2018-2030
SÉRUPPDRATTUR:
NORÐURHLUTI-BYGGÐ
OG BYGGÐAKJARNAR
STAÐSETNING
BREYTINGA



Grunnkort: Landmælingar Íslands Hnitakerfi: Lambert
Myndmældur hæðarlínugrunnur Hnattstaða: ÍSNET 93 Mælikvarði A2: 1:15.000

Unnið fyrir: Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar

Unnið af: Landslag ehf



Umhverfisáhrif

Ekki er talið að breytingin hafi veruleg umhverfisáhrif.

Áhrif efnistökusvæðis í Eyjafjarðará er ekki talin hana áhrif á lífríki árinna þar sem efnistaka er aðeins úr áreyrum og utan veiðitímabils árinna. Þá eru áhrif á landslag talin óveruleg þar sem talið er að áreyrnar „endurnýst“ að vissu marki á ákveðnum árafjölda. Efnistökusvæði í landi Reykhúsa er viðbót við svæði þar sem sprengigrjóti hefur þegar verið tekið. Ekki er talið að áhrif efnistökusvæðisins verði verulega á umhverfi þar sem um er að ræða takmarkaða vinnslu í gamalli námu. Helstu áhrif eru talin vera á framkvæmdatíma vegna hávaða og rykmengunar en þá áhrif eru tímabundin og takmökkuð.

Skilmálar efnistöku

Efnistökutímabil í Eyjafjarðará er rýmkað á þann hátt að framvegis sé efnistaka heimil frá 1. okt. til 31. mars og í veiðihléi á vorin. Veiðihlé er nokkurra vikna langt tímabil að vori þar sem veiði í Eyjafjarðará er bönnuð. Auk þess eru færð inn í aðalskipulag ákvæði um að gengið verði að fullu frá efnistökusvæði í lok efnistökutímabils í veiðihléi þannig að hvorki séu haugsett efni eða tæki á efnistökusvæði. Þá eru ákvæði um að aðeins verði unnið á einum stað í einu á efnistökusvæðum E14, E24 A, B, C og D felld út en þess í stað eru sett ákvæði um að gildistími framkvæmdaleyfa verði ekki lengri en 1 ár í senn.

Vegna lagningar fyrsta áfanga nýrrar Eyjafjarðarbrautar austan Hrafnagilshverfis er gert ráð fyrir að heimilað verði að vikið sé frá skilgreindu efnistökutímabili árinna. Samráð verður haft við Veiðifélag Eyjafjarðarár við útgáfu framkvæmdaleyfis.

Forsendur

Óánægju hefur gætt meðal landeigenda efnistökusvæða í Eyjafjarðará vegna skilmála gildandi aðalskipulags vegna efnistöku, en landeigendur telja skilmálana skerða hagnýtingarmöguleika landeigna sinna á óeðlilegan hátt.

Við gerð skipulagstillögunnar er einnig höfð hliðsjón af veiðihagsmunum og áhrifum efnistöku á lífríki árinna og verða umsagnir Veiðifélags Eyjafjarðarár og Fiskistofu lagðar til grundvallar breytingu á skilmálum.

Markmið

Efnistaka er mikilvæg aukabúgrein á bújörðum þar sem slíkra hlunninda nýtur við og stuðlar rýmkun skilmála vegna efnistöku í Eyjafjarðará að markmiðum um varðveislu og styrkingu landbúnaðar í kafla 3.2 í gildandi aðalskipulagi. Efni úr Eyjafjarðará er gjarna notað til vegagerðar og stuðlar breytingin því einnig að markmiði um viðhald og endurbætur á vegkerfinu sem fram koma í kafla 7.1 í greinargerð gildandi aðalskipulags.

Breyting á greinargerð

Lýsing á efnistökusvæðum E14 og E24A-D breytist.

Númer	Heiti	Stærð	Lýsing
E14	Munkapverá, við Eyjafjarðará	<50.000 m ³	Samantöð efnistaka úr áreyrum Eyjafjarðarár á svæðum E14, E24A, E24B, E24C og E24D er að hámarki 50.000 m ³ á hverju tveggja ára tímabili. Tímabil efnistöku er á þann hátt að veiðitímabil árinna stýrir efnistökutímabiliinu, það er að efnistökutímabil í Eyjafjarðará verður frá 1. okt. til 31. mars og í veiðihléi á vorin.
E24B	Hrafnagilshverfis		Gengið skal að fullu frá efnistökusvæði í lok efnistökutímabils í veiðihléi þannig að hvorki séu haugsett efni eða tæki á efnistökusvæði.
E24C	Kristnes		Gildistími framkvæmdaleyfa efnistöku verði ekki lengri en 1 ár í senn.
E24D	Reykhús		Meðíð verði eftir aðstaðum á hverjum tíma hvenær og hve mikið efni verði leyfilegt að taka á hverjum þessara fimm staða. Dýpt námu í hverju tilfalli verði ákveðin í samráði við umsagnaraðila og leyfisveitanda.
	Teigur		Sveitarstjórn óskar því eftir því að landeigendur stofni til samlags eða samkomulags um efnistöku á þessu svæði.
			Vegna lagningar fyrsta áfanga nýrrar Eyjafjarðarbrautar austan Hrafnagilshverfis verður heimil að vika frá kröfu um <50.000 m ³ efnistöku á tveggja ára tímabili á efnistökusvæðum E14, E24A, E24B, E24C, E24D og E33 þannig að taka megi 100.000 rúmmetra á einu ári vegna framkvæmdarinnar. Efnistakan mun fara fram á svæðum E14, E24A og E33 og í kjölfar þess skulu svæðin þrjú hvið þannig að ekki verði tekið á þeim efni í þrjú ár frá lokum efnistöku vegna vegframkvæmdarinnar.

Umhverfisáhrif

Ekki er talið að breytingin hafi veruleg umhverfisáhrif.

Áhrif efnistökusvæðis í Eyjafjarðará er ekki talin hana áhrif á lífríki árinna þar sem efnistaka er aðeins úr áreyrum og utan veiðitímabils árinna. Þá eru áhrif á landslag talin óveruleg þar sem talið er að áreyrnar „endurnýst“ að vissu marki á ákveðnum árafjölda.


Samráð

Skipulagslýsing aðalskipulagsbreytingar fór í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli og tekið var tillit til umsagna og athugasemda sem bárust við vinnslu breytingar á aðalskipulagi. Samráð var haft við landeigendur Kropps og Reykhúsa vegna nýrra efnistökusvæða.

Samráð var haft við eftirfarandi aðila á auglýsingartíma breytingar á aðalskipulagi: Skipulagsstofnun. Umhverfisstofnun. Minjastofnun Íslands. Vegagerðin. Veiðifélag Eyjafjarðarár. Fiskistofa.

Breyting eftir auglýsingu:

- Lega Eyjafjarðarbrautar Vestri og tengivegir aðlöguð að veggönnun Vegagerðarinnar.
- Skilmálar um frávik frá skilmálum efnistöku vegna lagningar Eyjafjarðarbrautar Vestri færðir inn í greinargerð.



Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030
Séruppdráttur: Norðurhluti - byggð og byggðakjarnar
Breyting á aðalskipulagi: Hrafnagilshverfi - vegtengingar / Eyjafjarðará - efnistaka
Dags: 30. okt. 2020
Breytt: 14. júní 2021